

## **Grænfána/umhverfisnefndarfundur í Árskógarskóla 10.10.2013 (fyrsti fundur 2013-2014).**

Fundurinn fór fram í listasmiðju og hófst kl. 13<sup>00</sup>

Mættir:

**Starfsfólk:** Gunnþór, Dagrún (formaður), Elín.

**Fulltrúi foreldra:** Freydís Inga.

**Nemendur:** Aníta, Júnía, Fannar, Björn, Eyvör, Ingibjörg Jóna, Jón, Lárus, Sindri, Eyþór, Magnea, Bríet.

Gunnþór skólastjóri setti fundinn og bauð nefndina velkomna til starfa þennan veturinn. Fór yfir hvað nefndin þyrfti að gera til þess að halda Grænfánanum í vor, þ.e. setja skýr markmið um verkefni vetrarins og framfylgja umhverfissáttmálanum.

Fundurinn fór yfir helstu verkefni sem eru framundan, fundurinn var sammála því að í vetur skuli einbeitt sér að því að virkja alla í skólanum í Grænfánaverkefnum og hvetja foreldra til að taka þátt með umræðum heima. Fundurinn var sammála því að í vetur skuli skólinn leggja ríka áherslu á flokkunarmál, orkusparnað og að gera umhverfissáttmálann sýnilegan auk þess að merkja rækilega alla rofa og krana þannig að hvatt sé til orkusparnaðar. Fyrsta vetur skólans 2012-2013 var unnið í anda Grænfána en ekki nógu markvisst enda fór mikill tími í ýmsa aðra hluti sem fylgja því að búa til nýjan skóla, engu að síður voru stigin jákvæð græn skref og nú á að gera enn betur enda nefndin sérstaklega fjölmenn og áhugasöm. Þetta þurfum við að gera:

1. Fara yfir flokkunardalla, gæta þess að allir viti hvað á að vera hvar og hvar á að losa dallana, fara yfir umhverfissáttmálann (kynning nefndarinnar á gæðastund 30. október).
2. Nýta betur efnivið sem fer í flokkunardalla t.d. pappa, plast og ál í nám og leik sem og að nýta efnivið náttúrinnar úti t.d. greinar, köngla, steina ofl. í leik og námi.
3. Það þarf að ganga betur um eigur skólans t.d. passa að boltar verði ekki undir snjó og skemmist (þá þarf að kaupa nýja), nýta endurnýtt blöð til að teikna og lita, passa alla liti og annan efnivið.
4. Það þarf að setja merkingar sem hvetja til orkusparnaðar við alla krana og rofa (vatn og ljós), nemendur gera þetta m.a. í Grænfánatímum á grunnskólastigi en formaður nefndarinnar (Dagrún) skal sjá til þess að þessu sé framfylgt.
5. Það þarf að gera umhverfissáttmálann sýnilegan, hann er á heimasíðu auk þess sem nefnd síðasta vetrar vann drög að einföldun á honum. Skólastjóri dregur öll gögnin saman og gerir sáttmálann sýnilegan um allan skóla.

Fundi slitið 13:30